

Reglur um BS-nám í lyfjafræði við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands

Reglur samþykktar á deildarfundi lyfjafræðideildar 18.12. 2006

Vægi eininga uppfært 1. júlí 2008

Breyting á 4. gr. samþykkt á deildarfundi 16. okt. 2014

Breyting á 4. gr. samþykkt á deildarráðsfundi 16. júní 2016

Tilvísanir til reglna fyrir Háskóla Íslands uppfærðar 10.05.2021

Breytingar á 2., 3., 4., 6. og 7. gr. samþykkt á deildarráðsfundi 27. maí 2024

Breytingar á 2. gr. samþykktar af deildarráði í desember 2024.

Breytingar á 2. grein samþykktar á deildarráðsfundi 23. okt. 2025

1. gr. Um námið

Lyfjafræðideild veitir kennslu til BS-prófs í lyfjafræði. Kennsla fer fram í námskeiðum sem metnar eru til námseininga (e). Nám í lyfjafræði til BS-prófs jafngildir 180e.

2. gr. Inntökuskilyrði og æskilegur undirbúningur

Til að hefja nám við Lyfjafræðideild skal nemandi hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi. Lokapróf frá háskólabrú Keilis eða háskólagrunni Háskólans í Reykjavík nægir til inngöngu í Lyfjafræðideild, enda hafi viðkomandi stundað nám við verk- og raunvísindadeild eða tækni- og verkfræðigrunn.

[Gerð er krafa um að nemandi hafi lokið að lágmarki 25 einingum í stærðfræði, 10 einingum í efnafræði og 5 einingum í eðlisfræði en auk þess er gerð krafa um að nemandi hafi lokið að lágmarki samanlagt 50 einingum í þessum fögum og skyldum fögum, eins og t.d. líffræði eða lífeðlisfræði. Ofantaldar forkröfur þurfa að teljast til 2. til 4. hæfnipreps samkvæmt aðalnámsskrá framhaldsskóla. Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnnám sem kennt er á íslensku, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglna nr. 331-2022, um inntökuskilyrði í grunnnám.

3. gr. Mat á fyrra háskólanámi

Nemendur sem stundað hafa annað háskólanám geta fengið allt að 120e metnar inn í BS-nám í lyfjafræði. Lyfjafræðideild setur sérreglur um mat á fyrra háskólanámi.

4. gr. Námsframvinda

Til þess að hefja nám á þriðja námsári BS í lyfjafræði skal nemandi skal hafa lokið öllum námskeiðum sem tilheyra 1. námsári og að lágmarki 40e af þeim námskeiðum sem tilheyra 2. námsári (alls 100e).

5. gr. Hámarkslengd náms

BS-prófi skal lokið ekki seinna en 5 árum eftir að nemandi innritast í námið.

6. gr. Einkunnir

Til að standast próf í BS-námi í lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 5,0 í öllum námskeiðum hverju um sig auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum. Sjá nánar í 4. og 5. mgr. 100. greinar í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

7. gr. Skiptinám

Hægt er að fá metin námskeið í skiptinámi til jafns við námskeið sem kennd eru við Háskóla Íslands. Kennsluráð Lyfjafræðideildar metur fyrir fram hvort námskeið eru jafngild.

8. gr. Lærdómstitlar

Að loknu BS-námi í lyfjafræði hlýtur nemandinn lærdómstitilinn Bachelor of Science in Pharmacy (B.S. Pharm.).

9. gr. Gildissvið

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 99. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, með síðari breytingum, og öðlast þær gildi þegar í stað.

